

Sveitarstjórn Djúpavogshrepps: Fundargerð 14.07.2016

25. fundur 2010-2014

Fundur var haldinn í sveitarstjórn Djúpavogshrepps fimmtudaginn 14. júlí 2016 kl. 15:00.
Fundarstaður: Geysir.

Mættir voru: Andrés Skúlason, Rán Freysdóttir, Þorbjörg Sandholt, Kári Snær Valtingojer og Sóley Dögg Birgisdóttir. Einnig sat fundinn Gauti Jóhannesson sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð.
Andrés stjórnaði fundi.

Dagskrá:

1. Fundargerðir

- a) Aðalfundur Brunavarna á Austurlandi, 2. júní 2016. Lögð fram til kynningar
- b) Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, 2. júní 2016. Lögð fram til kynningar.
- c) Stjórn Brunavarna á Austurlandi, 7. janúar 2016. Farið yfir tillögu að skiptingu aukinna framlaga milli sveitarfélaga. Samþykkt að fela sveitarstjóra að ganga frá viðauka við fjárhagsáætlun sem lagður verði fyrir næsta fund sveitarstjórnar.
- d) Fræðslu- og tómstundanefnd, 10. júní 2016. Lögð fram til kynningar.
- e) Stjórn SSA, 23. júní 2016. Lögð fram til kynningar.
- f) Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, 24. júní 2016. Lögð fram til kynningar.
- g) Heilbrigðisnefnd Austurlands, 29. júní 2016. Lögð fram til kynningar.
- h) Starfshópur um fjárhagsleg málefni, 12. júlí 2016. Lögð fram til kynningar.

2. Erindi og bréf

- a) Skipulagsstofnun, Landsskipulagsstefna 2016-2026, dags. 16. júní 2016. Lagt fram til kynningar.
- b) Ferðamálastofa, Ósk um samstarf vegna mats og kortlagningar viðkomustaða ferðafólks, dags. 23. júní 2016. Sveitarstjórn er sammála um að taka þátt í samstarfi við verkefnið: “Kortlagning auðlína ferðapjónusstunnar”. Sveitarstjóra falið að fylgja málinu eftir.
- c) Innanríkisráðuneytið, Tilraunaverkefni um rafrænar íbúakosningar, dags. 24. júní 2016. Lagt fram til kynningar.
- d) Samband íslenskra sveitarfélaga, Viðmiðunarlaunatafla fyrir fulltrúa í sveitarstjórnnum, dags. 28. júní 2016. Lagt fram til kynningar.
- e) Orkusjóður, auglýsing um styrki til uppbyggingar á innviðum fyrir rafbíla, ódags. Lagt fram til kynningar.
- f) Vegagerðin, úthlutun til styrkvega 2016, dags. 29. júní 2016. Samþykkt hefur verið að úthluta sveitarfélaginu 1,8 millj. úr Styrkvegasjóði. Sveitarstjóra í samráði við formann skipulags-, framkvæmda- og umhverfisnefndar falið að fylgja málinu eftir.
- g) Vegagerðin, vegna fyrirhugaðrar niðurfellingar Starmýrarveggar af vegaskrá, dags. 30. júní 2016. Sveitarstjóra falið að svara erindinu í samráði við landeigendur.
- h) Fjarskiptasjóður, útboðsskylda ljósleiðaraverkefna – óformlegt minnisblað, dags. 1. júlí 2016. Lagt fram til kynningar.
- i) Minjastofnun Íslands, auglýsing um styrki vegna sérstakrar úthlutunar til að undirbúa tillögur að verndarsvæði í byggð, ódags. Formaður skipulags-, framkvæmda- og umhverfisnefndar hefur þegar brugðist við en umsóknarfrestur rennur út 17. ágúst.
- j) Minjastofnun Íslands, auglýsing um styrk úr Húsfriðunarsjóði, ódags. Formaður skipulags-, framkvæmda- og umhverfisnefndar hefur þegar brugðist við en umsóknarfrestur rennur út 17. ágúst.

- k) Ráðgjafarnefnd um Varasjóð húsnæðismála, tilkynning vegna umsókna sveitarfélaga um framlög vegna sölu félagslegra íbúða á almennum markaði, ódags. Lagt fram til kynningar.
- l) Skipulagsstofnun, beiðni um umsögn á allt að 5.000 tonna framleiðslu Laxa fiskeldis ehf. á laxi í Berufirði, dags. 5. júlí 2016. Sóley Dögg Birgisdóttir vék af fundi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við tillöguna en treystir því að fagstofnanir sem hafa fengið hana til umsagnar taki til skoðunar þá þætti máls sem sveitarstjórn sem slík hefur ekki faglegar forsendur til að meta. Sveitarstjórn leggur áherslu á mikilvægi þess að vinna að uppbyggingu fiskeldis í Berufirði sé unnin í sátt við umhverfi og samfélag sbr. smábátasjómenn, landeigendur og fleiri hagsmunaaðila og að gætt sé að hagsmunum þeirra sem fyrir eru með starfsemi í firðinum. Sóley kom aftur til fundar.

3. Framtíðarsetur Íslands – Byggðaðróun

Sveitarstjóri greindi frá rannsóknarverkefni sem Framtíðarsetur Íslands í samstarfi við Háskóla Íslands, Háskólann á Bifröst, KPMG, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Nýsköpunarmiðstöð Íslands/Djúpivogur og WSP Norge standa að. Verkefnið tekur til aðferða framtíðarfræða við byggðaðróun og hefur Djúpivogur verið valinn sem vettvangur fyrir rannsóknina. Sveitarstjórn lýsir yfir ánægju sinni og fullum stuðningi við verkefnið og mun leggja sitt af mörkum til að það megi ganga sem best.

4. Sumarleyfi sveitarstjórnar 2016

Sumarleyfi ákveðið frá 15. júlí til 30. ágúst. Þó verður boðað til aukafunda ef þörf krefur á tímabilinu.

5. Kjör fulltrúa sveitarfélagsins – Til eins árs

Tveir aðalmenn og tveir til vara á aðalfund SSA

Sóley Dögg Birgisdóttir	Andrés Skúlason
Rán Freysdóttir	Kári Snær Valtingoer

Einn fulltrúi og annar til vara á aðalfund Skólaskrifstofu Austurlands

Gauti Jóhannesson	Helga R Guðjónsdóttir
-------------------	-----------------------

Einn fulltrúi og annar til vara á aðalfund Heilbrigðiseftirlits Austurlands

Þorbjörg Sandholt	Birgir Th Ágústsson
-------------------	---------------------

6. Skýrsla sveitarstjóra

- a) Sveitarstjóri gerði grein fyrir stöðu ferða- og menningarmálafulltrúa. Erla Dóra er á leið í barneignaleyfi og verður ráðið tímabundið í starfið meðan á því stendur. Starfið verður auglýst fljótlega.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið kl. 16:30.

Fundargerðin færð í tölvu, lesin upp, staðfest, prentuð út og síðan undirrituð. Gauti Jóhannesson, fundarritari.